

Skóla- og foreldraráð Árskógar skóla
3. desember 2013
2. fundur skólaárið 2013-2014

Á fundinn mættu:

Gunnþór, skólastjóri

Smári Freyr, fulltrúi nemenda

Helga Ester, fulltrúi grunnskólakennara

Gerður, fulltrúi leikskólakennara

Inga Rut, fulltrúi barna á leikskólaaldri og fulltrúi grenndarsamfélagsins

Valdís Erla, fulltrúi barna á grunnskólaaldri

Linda Geirdal var fjarverandi

Dagskrá:

1. Merki skólans. Í lok september var eftirfarandi ákveðið:

Skóla- og foreldraráð fundaði í lok september og þar var ákveðið að efna til samkeppni um merki skólans. Nemendur, starfsfólk, foreldrar og aðrir velunnarar skólans mega taka þátt í samkeppninni. Mikilvægt er að merkið höfði m.a. til [hornsteina skólans](#) (námsÁhugi, þRautseigja, Samvinna, leiKur, útiskÓli, Gleði, Umhyggja, viRðing) til umhverfisins eða staðhátta eða á einn eða annan hátt sé táknrænt fyrir Árskógar skóla. Skóla- og foreldraráð situr í dómnefnd og áskilur sér rétt til að velja eða hafna öllum tillögum eða útfæra ákveðnar tillögur nánar. Tillögum skal skila fyrir 1. nóvember 2013 og skila til skólastjóra.

Alls bárust 17 tillögur. Ráðið telur sumar tillögurnar góðar en aðrar ekki koma til greina og ekki beint lýsandi eða þá unnar eftir öðrum merkjum. Ráðið ákvað að fela skólastjóra að kalla eftir frekari tillögum þ.e. að samkeppnin verði endurvakin og reglur verði skýrari m.a. að ekki megi draga upp eða herma eftir öðrum merkjum en einnig að ýta undir það stef sem lagt var upp með: *Mikilvægt er að merkið höfði m.a. til [hornsteina skólans](#) (námsÁhugi, þRautseigja, Samvinna, leiKur, útiskÓli, Gleði, Umhyggja, viRðing) til umhverfisins eða staðhátta eða á einn eða annan hátt sé táknrænt fyrir Árskógar skóla.*

Engin dagsetning var ákveðin en mikilvægt að allir nemendur fái tíma í skólanum til þess að vinna að tillögu ef áhugi er fyrir hendi. Markmiðið er þó að klára þessu vinnu á þessu skólaári 2013-2014.

Gunnþór ritaði fundargerð